

6. gr.

Tilkynning um starfsstöð og útibú.

Fasteignasali, sem hyggst hefja starfsemi útibús, skal tilkynna eftirlitsnefnd Félags fasteignasala og ráðherra um stofnun slíks útibús og tilhögun á rekstri þess, áður en útibúið tekur til starfa. Þegar lýst er tilhögun á rekstri skal m.a. tekið fram, hvernig eignarhaldi sé háttáð, hvar útibúið sé til húsa, hver veiti útibúi forstöðu, hvaða starfsmenn vinni þar og hvernig váttryggingarskylda sé af hendi leyst.

Fasteignasali sá, sem fer með forstöðu útibús og hefur þar starfsstöð, skal tilkynna eftirlitsnefnd Félags fasteignasala um starfsstöð hans og að hann fari með forstöðu útibús.

7. gr.

Annað starfsfólk útibús.

Aðrir sem starfa í útibúi skulu ráðnir til starfa hjá fasteignasala þeim sem á og rekur aðalskrifstofu, sem útibúið er hluti af. Þeir falla undir starfsábyrgðartryggingu hans og ber hann ábyrgð á tjóni sem þeir kunna að valda viðskiptamönnum útibús eða öðrum í störfum sínum.

IV. KAFLI.

Gildistaka o.fl.

8. gr.

Reglugerðarheimild og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í d lið 26. gr. laga nr. 99 frá 9. júní 2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. nóvember 2004.

Björn Bjarnason.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING**um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi.**

Breyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla vegna Esjubrautar 47, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. september 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla vegna Esjubrautar 47.

Breytingin felst í því að á lóðinni Esjubraut 47 verður heimilt að staðsetja lagerbyggingu alveg að lóðarmörkum Kalmansvalla 2.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 24. nóvember 2004.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.